

11. fundur

Kaplakrikahópurinn 29. nóvember 2018

Fundurinn fór fram í bæjarráðsal, Strandgötu 6

Mættir: Sveinn Reynisson formaður, Skarphéðinn Orri Björnsson, Valdimar Svavarsson Ásmundur Ingvarsson og Viðar Halldórsson.


Starfsmenn: Geir Bjarnason, Rósa Steingrímsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir og Helga Stefánsdóttir

Fjarverandi:

Gestur: Viktor Sigurðsson

1. Staðfest fundargerð síðasta fundar frá 20. nóvember
2. Lögð fram gögn frá Viktori varðandi heildareignarskiptingu á lóðinni, fasteignum og íþróttamannvirkjum.
3. Flokka þarf matshluta eftir því hvort eignarhlutir sé ljós eða óljós. Það eru fimm matshlutar óljósir: Matshluti 3, aðalknattspyrnuvöllur, frjálsíþróttavöllur, gamli gervigras- og æfingagrassvöllur og kastæfingasvæði. Ákveða þarf hvaða leið verður farinn við eignarskiptin við að meta; annaðhvort frá verðmati eða fermetra/rúmmetra stærð? Sérstaklega þarf að fjalla um bílastæði og byggingarrétt. Nefndarmenn þurfa að fá skýrslu Strendings, gamla samninga milli FH og Hafnarfjarðarbæjar um framkvæmdir. FH byrjar á því að draga upp yfirlit yfir framkvæmdir og samninga og hluta hvors aðila. Fulltrúar FH og Hafnarfjarðarbæjar munu hittast í kjölfarið og fara yfir gögn og leggja fram tillögu að eignarhaldi fyrir næsta fund.
4. Rætt áhvílandi veðsetningar á eignum FH og hvernig þær verða fluttar á Skessunna.
5. Framvinda verkefnisins rædd og á næsta fundi mun FH fara yfir stöðu verkefnisins með tilliti til verkáætlunar.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 13. desember kl. 10:00



Geir Bjarnason ritari